



Reykjavík 25.09.2019

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 25. september 2019 varðandi eftirfarandi mál.

Laugavegur sem göngugata

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Laugavegin sem göngugötu, 1. áfanga, sem er í samræmi við samþykkt Borgarstjórnar Reykjavíkur frá 4. september 2018. Í tillögunni felst að hluti Laugavegs, Skólavörðustígs og Vegamótastígs verði gerðir að varanlegum göngugötum og samhliða því er unnið að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, gróður, götugögn og lýsingu, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 20. september 2019.

Samþykkt með sex atkvæðum fulltrúa Pírata, fulltrúa Samfylkingarinnar, fulltrúa Viðreisnar og Katrínu Atladóttur og Hildar Björnsdóttur, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eyþór Laxdal Arnalds, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins greiðir atkvæði á móti tillögunni. Vísað til borgarráðs

Eyþór Laxdal Arnalds, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins bókar: Það eru vonbrigði að málið sé afgreitt með flýtimeðferð þegar samráðsferlið hefur verið eins umdeilt og raun ber vitni. Samkvæmt framlagðri áætlun átti að ljúka deiliskipulagi fyrir göngugötu í október-nóvember, en hér í reynd verið að afgreiða málið í september bæði úr skipulags- og borgarráði. Þá liggur ekki fyrir endanleg útfærsla á aðgengi fyrir þá sem þurfa að komast inn á svæðið á bíl, svo sem íbúar, hreyfihamlaðir og neyðarþjónusta slökkviliðs, lögreglu og sjúkrabíla.

Rekstur verslana og veitingastaða í miðborg Reykjavíkur hefur verið afar þungur undanfarið og tugir rekstraraðila hafa hætt rekstri. Hærri gjöld, launakostnaður, slæmt aðgengi vegna framkvæmda og aðrir þættir hafa dregið þróttinn úr mörgum rekstraraðilum. Vilji meirihluta rekstraraðila er skýr; þeir leggjast gegn heilsárslokun. Hér hefur ekki verið hlustað á þessi sjónarmið sem skyldi og því greiði ég atkvæði gegn þessari afgreiðslu.

Hildur Björnsdóttir og Katrín Atladóttir, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka: Hefðbundin verslun á undir högg að sækja hérlendis sem erlendis. Nýlegar fregnir herma að á fyrstu sex mánuðum ársins hafi 2.868 verslanir lagt upp laupana í Bretlandi. Mestan vöxt má finna í netverslun. Samskonar þróun má greina meðal annarra sambærilegra



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

verslunarþjóða. Reglulega í sögunni má finna dæmi þess að tækninýjungar leysi eldri hugmyndir af hólmi. Ætli hefðbundin verslun að halda velli þarf að bjóða jákvæða upplifun og framúrskarandi þjónustu. Sýnt hefur verið að með göngugötum megi skapa betra verslunarumhverfi og mæta nýjum áskorunum í verslun.

Verslun og þjónusta á mjög undir högg að sækja í miðborg Reykjavíkur. Samráðsleysi vegna umfangsmikilla framkvæmda, síhækkandi fasteignaskattar, launahækkunar og aukin netverslun eru meðal þátta sem valda erfiðleikum. Mikilvægt er að hlúa betur að rekstri og auka samráð við rekstraraðila miðborgar samhliða útfærslu göngugatna.

Samhliða auknu samráði við rekstraraðila er mikilvægt að hlusta á vilja íbúa, en í síbreytilegu markaðsumhverfi hefur viðskiptavinurinn lokaorðið. Eftirspurn stýrir að endingu framboði. Íbúakannanir hafa ítrekað sýnt mikla jákvæðni íbúa í garð göngugatna. Nýleg könnun sýnir að yfirgnæfandi meirihluti íbúa miðborgar vill göngugötur. Eins eru fleiri íbúar með göngugötum en á móti innan allra borgarhluta. Alls staðar meðal ólíkra aldurshópa er hlutur þeirra sem eru neikvæðir minni en helmingur. Tölurnar sýna glögg hváða hugmyndir borgarbúar hafa almennt um þróun verslunar og umhverfis í miðborg Reykjavíkur.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar: Flokkur fólksins óskar eftir ítarlegum upplýsingum um hvernig þetta lögbundna samráðsferli við hagsmunaaðila eigi að fara fram. Þegar talað er um að fá ítarlegar upplýsingar er átt við: Hvernig skal það samráð fara fram, hvar og hvenær? Felst í þessu "samráði" að hagsmunaaðilar muni fá tækifæri til að taka fullan þátt í ákvörðunum byggða á þeirra forsendum? Nú hafa hagsmunaaðilar mótmælt harðlega lokun þar sem verslun þeirra hefur í kjölfarið hrunið. Spurt er, verður tekið tillit til þess? Fram til þessa hefur ekkert samráð verið en hagsmunaaðilum boðið á einn fund og fengið að merkja inn á svæðið hvar hafa á bekki og blómapotta. Hagsmunaaðilar hafa aldrei verið spurðir um afstöðu varðandi lokun gatna hvað þá að tekið hafi verið tillit til þeirra vilja og skoðana. Reiði hefur verið mikil í þessum hópi sem finnst Skipulagsráð og meirihluti borgarstjórnar hafa valtað yfir sig með frekju, valdniðslu og yfirgangi. Flokkur fólksins harmar að ekki hafi verið haft samráð við hagsmunaaðila, þ.e. íbúa og rekastaraðila, við ákvörðunartöku um að varanlegar göngugötur. Tekið skal fram að Flokkur fólksins er ekki á móti göngugötum.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar: Fulltrúi Miðflokksins leggst alfarið gegn afgreiðslu nýs skipulags Laugavegs sem göngugötu og harmar að ekki hafi verið haft samráð við hagsmunaaðila við ákvörðunartöku á fyrri stigum. Yfirlýsing borgarstjóra á fundi borgarstjórnar 4.sept. 2019 um að Laugavegur skyldi verða göngugata frá Hlemmi vekur sérstaka eftirtekt, enda myndi slíkt þýða að aðkoma að 200 stæða bílastæðahúsi Bílastæðasjóðs borgarinnar myndi lokast. Gerræðislegar yfirlýsingar sem þessi eru ekki merki um að samráð og sátt sé ofarlega á baugi hjá borgarstjóra enda hefur nú verið ákveðið að svara í engu fjölda athugasemda og undirskriftalistum er málið varða. Yfirlýsingar eins og „Okkur er alveg sama hvað fólk vill, við ætlum að gera þetta." þóttu kannski boðlegar á miðöldum en eru það sannarlega ekki á 21.öldinni.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Sá misskilningur virðist hrjá meirihlutann með borgarstjóra í broddi fylkingar, að í síðustu kosningum hafi hann fengið umboð borgarbúa til að framfylgja vilja sínum, en ekki þeirra. Krafan er að raunverulegt samráð verði haft við hagsmunaaðila og borgarbúa. Fáum upp á borðið hver vilji þeirra er áður en lengra er haldið.

Það er farsæl leið. Það er rétt leið.

Fulltrúi Miðflokksins hefur ekkert á móti göngugötum, en setur kröfu um að slíkt sé gert með sátt og samráði.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppr. Landslags ehf. dags. 20. september 2019.



DEILISKIPULAGSTÍLLAGA

GREINARGERÐ

Forsendur

Samþykkt var í Borgarstjórn Reykjavíkur 4. september 2018 að fela umhverfis- og skipulagssviði að útfæra Laugaveg og Bankastræti sem göngugötur allt árið, ásamt þeim götum í Kvosinni sem koma til greina sem göngugötur. Jafnframt verði sviðinu fallið að útfæra endurhönnun umraðna göngusvæða m.t.t. Öryggis og vellíðunar gangandi vegfarenda og vandaðrar borgarhönnunar. Algild hönnun með aðgengi fyrir alla verði höfð að leiðarljósi við útfærslu í samráði við notendur og fjölmörg hagsmunasamtök fátáðs fólks. Enn fremur verði sviðinu fallið að útfæra skilvirka og örugga vörulösun á göngugötum í samráði við verkefnastjóra miðborgar og hagsmunaaðila.

Í lok árs 2014 var haldin hönnunarsamkeppni á vegum Reykjavíkurborgar í samvinnu við Félag Íslenskra Landslagsarkitekta (FILA) um endurgerð á yfirborði Laugavegar milli Snorrabrautar og að Skólavörðustíg/ Bankastræti. Samkeppnin var lokað og voru sjö hönnunarteymi valin til þátttöku.

Tillaga Arkís, Landhönnunar og Verkis var valin vinningsstillinga í samkeppninni og þótti tillagan sjna góða og sannfærandi útfærslu, þar sem einnival var gott og hugmyndir vel útfærðar.

Samþykkt hefur verið í skipulags- og samgönguráði að vinna áfram með skipulagsvinnu og forhönnun í samræmi við þrískipta áfangaskiptingu. Deiliskipulag þetta nær yfir fyrsta áfanga.

Afmörkun og núverandi aðstæður

Laugavegurinn er helsta verslunargata Reykjavíkur frá fornu fari og hefur vegna sögu og starfsemi mikió ádráttarafall fyrir gesti og gangandi bæði innlenda og erlenda. Mikió líf hefur skapast á Laugaveginum síðustu misseri þar sem takmarkanir á bílaumferð hafa gert gangandi og hjólandi umferð hærra undir höfði. Með umbreytingu og endurhönnun Laugavegar er markmiðið að glæða götuna enn meira lífi með því að veita gangandi og hjólandi vegfarendum aukió rými í götunni frá því sem nú er.

Í dag er lítið samræmi á heildar yfirbragði göttunar og umhverfi hennar. Laugavegurinn ber þess merki að vera unnin af mörgum hönnuðum á mismunandi tímum svo ákveðinn heildarþæ skortir. Með fyrirhuguðum endurbótum á Laugaveginum gefst nú tækifæri til að skapa nýtt heildaryfirbragð göttunar.

Undanfarin ár hefur borgin verið með ákveðið tíraunaverkefni á nokkrum götum í miðbænum, með tímabundnum göngugötum (sumargötum) og hefur útfærslan verið með ýmsu móti. Síðustu sumar hefur göngugötumabilið verið frá 1. maí til 1. október.

Götur hafa verið lokaðar fyrir allri almennri bílaumferð á tímabilinu. Við göngusvæðin eru bílahús, bæði Bergstaðir og Traðarkot, alls 328 stæði. Einnig eru bílahús í Kolaportinu og Hafnartorgi, alls 1266 stæði. Á svæðinu eru 21 bílastæði í götu í dag.

Fyrsti áfangi í því að útbúa göngugötur allt árið er Laugavegur frá Ingólfsstræti að Klapparstíg. Skólavörðustígur frá Bergstaðastræti að Laugavegi og Vegamótastígur frá Laugavegi að Grettisgötu.

Laugavegur hefur stefnu vestnorðvestur-austsuðaustur og skín söl þvi beint niður Laugaveg um kl. 9 að morgni og upp götuna um kl. 21 að kvöldi þegar dagstengd dugur til. Sudurlitni göturymisins er því skuggslett nema við gatnamót og þar sem húsanud hleypa birtu inn í göturymi. Norðurhlidinn er hins vegar bjartari og þar eru víða góð skilyrði til að setja út borð og stóla.

Halla Laugavegar innan skipulagsáfangans er vægur til vesturs.

Samræmi við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins er Laugavegur skilgreindur sem *Aðrar götur*. Á upprættinum eru þær skýrðar út með eftirfarandi hætti: *Aðrar götur* eru stofn- og tengibrautir. Hér undir eru safngötur, húsgötur, vistgötur og göngugötur.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er Laugavegur enn fremur skilgreindur sem *Borgargata*, slíkar götur eru lykligðoturnar í hverju hverfi. Lögð er áhersla á að bæta umhverfi göttunar, skapa heilidstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Skipulag viðkomandi gatna verði mótað frekar í hverfisskipulagi eða skilgreint sem sérstakt skipulagsverkefni. Við hönnun og skipulag gatnanna verði tekið mið af stefnu um gæði í manngæði umhverfi.

Árið 2018 var lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulag er varðar almenn markmið um göngugötur í borginni. Breytingartillagan fól einkum í sér endurbætur á núgildandi markmiðum aðalskipulags, þ.e. skerpingu á almennum markmiðum um göngugötur, ákveðnari skilgreiningar og kröfur um hvernig skuli staðið að framkvæmdinni, einkum þegar um varanlega lokun gatna er að ræða. Tillagan þar heitið „Markmið um göngugötur“, og var staðfest í janúar 2019.

Í breytingartillögu þá voru lögð til eftirfarandi markmið og ákvaði:

- Unnið verði markvisst að endurhönnun almenningsrýma og göturyma í borginni í þeim tilgangi að efla mannlíf og bæta borgarþrag, sbr. eldri verkefni s.s. *Torg í bíldstöðu* og *Sumargötur*. Þær götur sem skilgreindar eru sem *Aðrar götur* á þéttbýlisupprætti má skilgreina sem göngugötur, varanlegar eða árstíðabundnar, sbr. ákvaði hér að neðan. Áhersla verður á gerð göngugatna í miðborginni á næstu árum (sjá einnig Miðborgarstefnu, um torg og götur miðborgar).
- Götur sem er varanlega lokað fyrir bílumferð og gerðar að göngugötum árið um kring, skal tilgreina í deiliskipulagi. Settar verði verkiagsreglur, samþykktar af skipulags- og samgönguráði, um framkvæmd árstíðabundinn lokunar gatna fyrir bílumferð.

Aðliggjandi deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir sex aðliggjandi svæði sem þarf að breyta svo að ekki verði skörun á skipulagsmörkun á milli skipulagssvæða. Breytingarnar felast eingöngu í því að mörkun hvers deiliskipulags er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggja í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkun. Deiliskipulag fyrir eftirfarandi svæði verður breytt samhlíða þessu deiliskipulagi:

- Deiliskipulag staðgr. 1.171.0, Laugavegur, Bankastræti, Ingólfsstræti, Hverfisgata og Smíðjögur, dags. 06.03.2003, síðast breytt 07.09.2012. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðarmörk.
- Deiliskipulag staðgr. 1.171.1., Hjálmalindarreitir, dags. 13.04.2004, síðast breytt 10.11.2017. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðarmörk.
- Deiliskipulag staðgr. 1.171.2, Skólavörðustígur, Bergstaðastræti, Halvegjarstígur, Ingólfsstræti og Bankastræti. Dags 08.10.2002, síðast breytt 23.08.2019. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðarmörk.
- Deiliskipulag staðgr. 1.171.3. Dags. 15.05.2015, síðast breytt 30.04.2015. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðarmörk.

- Deiliskipulag staðgr. 1.171.4, Laugavegur, Bergstaðastræti, Skólavörðustígur og Vegamótastígur, dags. 08.10.2002, síðast breytt 19.03.2015. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðarmörk.
- Deiliskipulag staðgr. 1.171.5, Laugavegur, Vegamótastígur, Grettisgata, Klapparstígur, dags. 27.06.2002, síðast breytt 19.06.2019. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðarmörk.

Minjar

Í dag er skipulagssvæðið allt með föstu yfirborði og því engar minjar sjanlegar á svæðinu.

Minnt er á 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, *Fornleifar í hættu*, en þar segir:

„Hver sá sem verður var við að fornleifar liggja undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar. Ef fyrirsjáðlegt er að minjastofnun spiliist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdar aðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða. Minjastofnun Íslands ákveður að undangenginni vettvangskönnun hvort frekar rannsóknar er þarf, hvort geru skuli tillögu um fríðsýningu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmáðum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvarðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir. Stofnunin skal hafa samráð við Umhverfisstofnun þegar fjallað er um blandaðar minjar, þ.e. menningarminjar sem einnig teljast til náttúruminja.“

Minnt er á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

„Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjóvar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og óðanda en þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsviflausast svo skera megi úr um eðli og umfang fundarinn. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort veri megi fram halda og með hvaða skilmáðum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Samráð

Víðtækt samráðsferli hefur þegar átt sér stað við hagsmunaaðila, enda metast hagsmunir margra við Laugaveg og því hefur verið leitað eftir að fá hugmyndir og gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að koma með ábendingar og hugmyndir að því hvernig best sé að standa að fyrirhuguðum varanlegum breytingum. Nú þegar hefur verið rætt við samtök kaupmanna (miðborgir okkar og Miðbæjarfélagið) og Öryrkjabandalagið (ÖB) og mun sú vinna halda áfram í gegnum allt hönnunarfarið.

Dagana 28. janúar til 3. febrúar 2019 var efnt til opinis samráðs um göngugötur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Gestum og hagsmunaaðilum gafst tækifæri á skóða útfærslur, teikningar og ræða við sérfræðinga um málið. Á samráðið mættu um það bil 200 manns en vettvangurinn var opin frá kl. 12-18 daglega en 28. janúar var sérstakur fundur fyrir rekstraraðila og 30. janúar var haldinn fundur fyrir íbúa, ferðabjónustuaðila og fátáða.

Eftirfarandi eru samráðs- og umsagnaráðilar: Skipulagsstofnun, Samtökin Miðborgir Okkar, Miðbæjarfélagið, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafn Reykjavíkur, OR/Veitur, Öryrkjabandalagið, Stökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og Lögrégla.

SKÝRINGARMYNDIR

Dæmi frá ARKÍS arkitektum um hvernig götuymyndin gæti lítið út.



Deiliskipulag

Deiliskipulagi felur í sér að hluti Laugavegs, Skólavörðustígs og Vegamótastígs verði gerður að varanlegum göngugötum. Samhlíða er unnið að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Má þar nefna aðgengisþyrtingar, kantalaust yfirborð, bætt aðgengi, leðillnur og aðgengi inn í verslanir, dválarsvæði og götugögn, lýsing og fjölgun bílastæða fyrir hreyfihamlaða í aðliggjandi hlidargötum.

Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, gróður, götugögn og götulynging, um er að ræða allt göturymi innan skipulagsmarka, utan gildandi löðarmarka, þ.m.t. gangstettar.

Við hönnun göturymisins skal það haft í huga að niðurröðun trjáa, ljósaðstópa og götugagna hindri ekki gott flæði gangandi, umferðar vegna neyðarkestur og aðfanga og stórra hópa sem fara um göturymið t.d. í stórum höggöngum. Allt yfirborð og götugögn skulu valin af kostgæfni og hæfa göngusvæði í miðborg. Lýsing skal vera þægileg, listræn, stuðla að öryggstíffinningu og án glývu eða til óþæginda á erfi hættum bygginga.

Aðgengi og bílastæði

Með lokun fyrir bíla og önnur farartæki innan skipulagssvæðisins verður bílaumferð áfram eins og verið hefur með sumarlokunum aðliggjandi götur. Hægt verður að aka þvert yfir Laugaveg til norðurs um Bergstaðastræti og til suðurs um Klapparstíg (utan skipulagsmarka).

Almennt er gert ráð fyrir að lagt verði í bílastæðahúsin sem eru næst göngugötunni, það er Traðarkot og Bergsstaði en einnig eru Stjórnupott og Vitatorg ekki langt frá. Samtals eru 742 stæði í bílastæðahúsum í grenndinni. Bílastæðum fyrir hreyfihamlaða verður fjölgað í hlidargötum við göngugötuna.

Sýnt hefur verið fram á að með þessari breytingu má skapa betra verslunaramhverfi og koma til móts við nýjar áskoranir í verslun þar sem upplifun og aðgerðir hafi jákvað umhverfisáhrif fyrir íbúa, atvinnustarfssemi og þá sem sækja miðborg Reykjavíkur heim.

Göngugata

Faratæki á hjólum

Ekki er gert ráð fyrir farartækjum á hjólum á göngugötunni nema þau sem hreyfihamlaðir þurfa að nýta sér s.s. hjólastólar. Undantekning frá því verður tímabundin heimild daglega á morgnana til að koma aðföngum að verslunar- og veltungumum sem og að neyðarkestur skal vera mögulegur á öllum tímum.

Hljóðvist

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum hljóðvitaráðgerðum í almenningsrýminu enda mun hljóðvist batna með lokun fyrir almenna bílaumferð.

Lausnir fyrir hæðarmisun

Víða er inngangar í verslunaryrmi á jarðhæð ekki í hæð við götugötivið. Við hönnun göngugötunnar skal leysa þann hæðarmun þannig að það verði eðlilegur hluti að heildarlausn götuyfirborðsins, t.d. með sköttunum og gróðurstóllum.

Gróður


Í göngugötunni verði komið fyrir götturjám á völdum stöðum. Við niðurröðun trjáa skal haft í huga að þau trufli ekki gott flæði um almenningsrýmið, hvort heldur sem er á venjulegum degi eða þegar viðburðir leiða fjölmenni um götuna, svo sem höggöngur. Göttur skulu vera hluti af blágrænum ofanvatnslausnum göttunar og gróðursett í regnbeð með undirgróðri. Við tegundaval skal horft til þeirra trjégatna sem reynst hafa vel og sannað sig sem krönutré í almenningsrými. Ekki skal binda tegundaval við eina tegund t.d. vegna hættu á afþöllum vegna plöntusjúkdóma eða náttúrulegra skaðvalda. Einnig skal stuðla að árstíðabundnum fjölbreytliga í lit- og laufskrúði. Niðurröðun trjáa á skipulagsupprætti er leiðbeinandi og því ekki bindandi.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Blágrænar ofanvatnslausnir í göturyminu miðast við að létta álag á fráveitukerfi og skila ofanvatni niður í jarðvegslög og nýttat t.d. trjá og gróðri. Gatn hefur á þessum kafla vægan lengdarhalla til vesturs og liggur því vel við að brennir í þversniti göttunar myndi vatnsrunna sem getur verið gegndræp en skili yfirborðsvatni regulega í regnbeð við götturé. Við hæðarsetningu yfirborðs skal það haft í huga að yfirborðsvatn geti við ófyrirséðar flóðaáættur átt leið niður hlidargötum og áfram í átt að Bankastræti.

Umhverfisáhrif

Deiliskipulagi felur ekki undir lög um umhverfismat áætлана (105/2006). Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga (123/2010).



HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS 2010-2030

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS / GÖNGUGATA
- BYGGINGAR
- LÖÐIR
- ÞVERUN BÍLAUMFERÐAR
- TRÉ OG GRÓÐUR/ EKKI BINDANDI STAÐSETNING



Að breyta götum á svæðinu í göngugötur og færa þar með umferð akandi og bílastæði frá götunum er talið hafa margvísleg jákvað umhverfisáhrif. Göngugötur eru sá áfangastaður borga sem flestir heimssækja til þess að dvelja á og eykur það mannlíf allan sólarhringinn og bætur upplifun. Göngugötur efla samskipti og auka lífsgeði borgarþúa en reynslan hefur sýnt að íbúar borga vilja göngugötu í miðborgum og að verslun hefur aukist við göngusvæðing.

Endurnýring yfirborðs, götturé, götugögn og götulynging er talin hafa jákvað áhrif á umhverfið og ásynnd þess því heildaryfirbragð svæðisins styrkist og göttunar verða meira aðlaðandi. Þegar akstursleiðir eru fjarlægðar eykst rými gangandi til muna á götunni auk þess sem mögulegt er að bæta aðgengi inn í hús þar sem það á við.

Talið er að öryggi vegfarenda sem um svæðið fara mun aukast til muna við það að akandi umferð færist að götunum. Af sömu ástæðu er talið að loftgæði muni batna mikió á götunum auk þess sem hljóðvist verður mun betri en fyrir er.

Helstu neikvað umhverfisáhrif þess að breyta götunum í göngugötur eru mögulega að aðgengi að verslun og þjónusta beint frá bíl verður verra þar sem aðeins lengra verður í bílastæði en nú er. Þó eru fá bílastæði við göttunar fyrir og bílastæðahús eru að hámarki 350 frá verslun og þjónustu.

Þá eru neikvað umhverfisáhrif á framkvæmdatíma vegna þess rasks og ónáðs sem þá verður. Við framkvæmdir og uppbyggingu á svæðinu er hætt á svifrýksmengun og uppblástri þar sem jarðvegur er óvarinn. Grípa þarf til viðeigandi mötvægisáðgerða á byggjartíma til að koma í veg fyrir svifrýksmengun frá framkvæmdasvæðinu.

Ekki er talið að þessi neikvað umhverfisáhrif séu veruleg og eru jákvað áhrif mun meiri eins og komið hefur fram hér að ofan.

Ekki er talið að uppbygging skv. deiliskipulagi hafi veruleg neikvað umhverfisáhrif og frekar er talið að fyrirhuguðu uppbygging og aðgerðir hafi jákvað umhverfisáhrif fyrir íbúa, atvinnustarfssemi og þá sem sækja miðborg Reykjavíkur heim.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvaði 41. gr skipulagslaga nr 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 2019 og í _____ þann _____ 2019

Tillagan var auglýst frá _____ 2019 með athugasemdafrest til _____ 2019.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2019.





Reykjavík, 21. ágúst 2019

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Veitna um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags „Laugavegur sem göngugata“

Veitur ohf. hafa fengið til umsagnar skipulagslýsingu sem unnin hefur verið til undirbúnings nýs deiliskipulags sem felur í sér að gera Laugaveg að varanlegri göngugötu.

Tillögurnar hafa áhrif á lagnir Veitna, auk þess sem fyrirtækið mun nýta tækifærið og endurnýja lagnir á framkvæmdatíma. Fyrirtækið hefur komið þeim upplýsingum á framfæri á samráðsfundi með verkefnisstjóra verkefnisins. Enn fremur benda Veitur á mikilvægi þess að nýta blágrænar ofanvatnslausnir við hönnun götu og útfærslu umhverfis.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi áframhaldandi góðs samstarfs umhverfis- og skipulagssviðs og Veitna til að nýta samleiðaráhrif framkvæmdanna og takmarka risk af þeirra völdum fyrir borgarbúa.

Veitur gera því ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna að deiliskipulagsbreytingum að þessu sinni.

Virðingarfyllt,

f.h. Veitna

Hólmfríður Bjarnadóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri Veitna

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Þuríður Guðmundsdóttir
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. ágúst 2019
Tilvísun: 201907087 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir gerð deiliskipulags Laugavegar sem göngugötu, Reykjavík

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 26. júlí 2019, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í borgarráði 18. júlí 2018 og varðar gerð deiliskipulags fyrir Laugaveg sem göngugötu.

Lýsingin er dagsett 28. júní 2019 og samanstendur af greinargerð og skýringamyndum.

Samkvæmt lýsingunni er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag sem felur í sér að Laugavegur og Skólavörðustígur verða varanlegar göngugötur, um er að ræða allt göturými Laugavegar utan gildandi lóðarmarka, þ.m.t. gangstéttar. Í framhaldinu verður ákveðið hvort unnið verði eitt heildstætt deiliskipulag fyrir allt skipulagssvæðið eða því skipt í áfanga.

Svæðið afmarkast af Snorrabraut, Bankastræti og Skólavörðustíg frá Bergstaðastræti að Laugavegi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði áfangaskipt. Forhönnun felst í lausnum er varða m.a. aðgangsstýringar, eitt yfirborð, bætt aðgengi, leiðilínur, aðgengi inn í verslanir, dvalarsvæði og götugögn, lýsingu og fjölgun stæða fyrir hreyfihamlaða.

Deiliskipulagið byggir á breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem staðfest var 7. janúar 2019, miðborgin, markmið um göngugötu.

Breyting verður gerð á aðliggjandi deiliskipulagsáætlunum sem ná út á miðja götu, þannig að afmörkun þeirra verði við lóðamörk.

Gerð er grein fyrir skipulagsferli, samráðs- og umsagnaraðilum.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri fullnægjandi grein fyrir skipulagsáformum.


Unnsteinn Gíslason



USK Skipulag

Frá: USK Skipulag
Sent: miðvikudagur, 7. ágúst 2019 09:36
Til: USK Skipulag
Efni: FS: Fyrirhuguð lokun Laugavegar.

Frá: Bjarni Kjartansson <bjarnik@shs.is>
Sent: þriðjudagur, 6. ágúst 2019 11:58
Til: Björn Axelsson <bjorn.axelsson@reykjavik.is>
Efni: Fyrirhuguð lokun Laugavegar.

Sæll Björn.

Slökkviliði var send útskrift úr gerðarbók skipulags- og samgönguráðs frá 3. júlí sl. Vegna fyrirhugaðrar lokunar óskar slökkviliðsstjóri eftir því að haft verði samráð við slökkvilið vegna skipulagsbreytingar til að tryggja örugga aðkomu neyðaraksturs fyrir slökkvi- og sjúkrabifreiðar.

Með kv.



Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík
528-3000, www.shs.is



Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

LAUGAVEGUR SEM GÖNGUGATA

SKIPULAGSLÝSING VEGNA NÝS DEILISKIPULAGS



DAGS. 28. JÚNÍ 2019

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILSKIPULAGS.....	3
STAÐSETNING OG AFMÖRKUN.....	5
HELSTU VIÐFANGSEFNI OG MEGINMARKMIÐ.....	6
TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
SAMRÁÐSFERLI.....	8
UMHVERFISÁHRIF ÁÆTLUNAR	10
SKIPULAGSFERLIÐ	10
SAMRÁÐS- OG UMSAGNARAÐILAR	10

INNGANGUR


Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 segir að þegar vinna við gerð deiliskipulags hefst skuli sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur hún hafi við deiliskipulagsgerðina.

Skipulagsverkefnið er að deiliskipuleggja varanlegar göngugötur á Laugavegi, Bankastræti og Skólavörðustíg. Unnið er samhliða því að forhönnun og undirbúningi í samráði við hagsmunaaðila og töluvert samráðsferli hefur þegar átt sér stað sbr. er fjallað um í þessari lýsingu.

Svæðið er Laugavegur, frá Snorrabraut að Bankastræti og Skólavörðustígur frá Bergstaðastræti að Laugavegi. Ákveðið verður í framhaldinu hvort unnið verði eitt heildstætt deiliskipulag fyrir allt skipulagssvæðið og/eða bútað niður í áfanga.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði áfangaskipt og í fyrsta áfanga er unnið að forhönnun göngusvæða. Forhönnun felur í sér útfærslur á hinum ýmsu lausnum til að bæta götuna og umhverfið. Má þar nefna aðgangstýringar, eitt yfirborð, bætt aðgengi, leiðilínur og aðgengi inn í verslanir, dvalarsvæði og götugögn, lýsing og fjölgun stæða fyrir hreyfihlað fólk.

Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, gróður, götugögn og götulýsingu í áföngum. Svæðið afmarkast af Snorrabraut til austurs og Skólavörðustíg til vesturs og um er að ræða allt göturými Laugavegar utan gildandi lóðarmarka, þ.m.t. gangstéttar.



**Mynd 1. Gróf afmörkun skipulagssvæðis.
Nánari afmörkun verður ákveðin við vinnslu á tillögu.**

AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILSKIPULAGS

Samþykkt var í Borgarstjórn Reykjavíkur 4. september 2018 að fela umhverfis- og skipulagssviði að útfæra Laugaveg og Bankastræti sem göngugötur allt árið, ásamt þeim götum í Kvosinni sem koma til greina sem göngugötur. Jafnframt verði sviðinu falið að útfæra endurhönnun umræddra göngusvæða m.t.t. öryggis og vellíðunar gangandi vegfarenda og vandaðrar borgarhönnunar. Algild hönnun með aðgengi fyrir alla verði höfð að leiðarljósi við útfærsluna í samráði við notendur og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Enn fremur verði sviðinu falið að útfæra skilvirka og örugga vörulosun á göngugötum í samráði við verkefnastjóra miðborgar og hagsmunaaðila.

Í lok árs 2014 var haldin hönnunarsamakeppni á vegum Reykjavíkurborgar í samvinnu við Félag Íslenskra Landslagsarkitekta (FÍLA) um endurgerð á yfirborði Laugavegar milli Snorrabrautar og að Skólavörðustíg/ Bankastræti. Samkeppnin var lokuð og voru sjö hönnunarteymi valin til þátttöku.

Tillaga Arkís arkitekta var valin vinningstillaga í samkeppninni og þótti tillagan sýna góða og sannfærandi útfærslu, þar sem efnisval er gott og hugmyndir vel útfærðar. Leiðarlínan er hugmynd sem virðist virka vel og tengir sögu svæðisins inn í hönnunina. Lýsing í götu og rýmum er vel leyst sem og við götugögn. Götutorg eru áhugaverð og sama má segja um lausn á bílastæðum fyrir mismunandi árstíma. Tillögur um götugögn og gróðurbeð virka sannfærandi. Hugmyndir um yfirborð eru með góðu jafnvægi en vinna mætti meira með efnisval. Tillagan er vel unnin, sýnir ágætt heildaryfirbragð Laugavegar og góðar úrlausnir.



Mynd 2. Vinningstillag Arkís arkitekta í hugmyndasamkeppninni.

Samþykkt hefur verið í skipulags- og samgönguráði að vinna að áframhaldi vinnu og forhönnun í samræmi við eftirfarandi tillögu að áfangaskiptingu:

Fyrsti áfangi:


Laugavegur frá Ingólfsstræti að Klapparstíg og Skólavörðustígur frá Bergstaðastræti að Laugavegi.

Annar áfangi:

Laugavegur frá Klapparstíg að Frakkastíg. Bankastræti að Lækjargötu. Þinghóltsstræti frá Bankastræti að Amtmannsstíg. Bergstaðastræti frá Skólavörðustíg að Laugavegi.

Þriðji áfangi:

Laugavegur frá Frakkastíg að Barónsstíg.



Mynd 3. Fyrirhuguð áfangaskipting verkefnisins.

STAÐSETNING OG AFMÖRKUN

Laugavegurinn er helsta verslunargata Reykjavíkur frá fornu fari og hefur vegna sögu og starfsemi mikið aðdráttarafl fyrir gesti og gangandi bæði innlenda og erlenda. Mikið líf hefur skapast á Laugaveginum síðustu misseri þar sem takmarkanir á bílaumferð hafa gert gangandi og hjólandi umferð hærra undir höfði. Með umbreytingu og endurhönnun Laugavegar er markmiðið að glæða götuna enn meira lífi með því að veita gangandi og hjólandi vegfarendum aukið rými í götunni frá því sem nú er.

Í dag er lítið samræmi á heildar yfirbragði götunnar og umhverfi hennar. Laugavegurinn ber þess merki að vera unnin af mörgum hönnuðum á mismunandi tímum svo ákveðinn heildarblæ skortir. Með fyrirhuguðum endurbótum á Laugaveginum gefst nú tækifæri til að skapa nýtt heildaryfirbragð götunnar.

Undanfarin ár hefur borgin verið með ákveðið tilraunaverkefni, á nokkrum götum í miðbæðum, um tímabundið göngusvæði (sumargötur), og hefur útfærslan verið með ýmsu móti en síðustu sumur, þá hefur göngugötutímabilið verið frá 1.maí til 1.október.

Götur hafa verið lokaðar fyrir allri almennri umferð á tímabilinu. Við göngusvæðin eru bílahús, bæði Bergstaðir og Traðarkot, alls 328 stæði. Einnig eru bílahús í Kolaportinu og Hafnartorgi – alls 1266 stæði. Á svæðinu eru 21 bílastæði í götu í dag.

Sýnt hefur verið fram á að með þessu móti má skapa betra verslunarumhverfi og koma til móts við nýjar áskoranir í verslun þar sem upplifun og þjónusta eru stór þáttur. Gangandi vegfarendur fá betri hljóðvist á öllu svæðinu, minni mengun og aðgengi fyrir alla er betrubætt.



Mynd 4. Frá Laugaveginum, á þeim kafla þar sem sumargötur hafa verið skipulagðar.

HELSTU VIÐFANGSEFNI OG MEGINMARKMIÐ

- Að deiliskipuleggja svæðið, allt árið, sem varanlega göngugötu í samræmi við samþykkt borgarstjórnar frá 2018.
- Að gatan verði lifandi borgarumhverfi með fjölbreyttu mannlífi og fjölnota möguleikum.
- Að skoða áhrifasvæði Laugavegar m.t.t. umferðarskipulags, öryggi og þjónustuumferðar.
- Að stilla upp áfangaskiptingu verkefnisins, bæði skipulagslega og framkvæmdarlega og hvernig það verður innleitt.
- Að leitast verði við að lágmarka áhrif á rekstur og starfsemi við götuna á framkvæmdatíma með markvissri áfangaskiptingu og hönnun aðkomuleiða.
- Að vinningstillaga í hugmyndasamkeppninni frá 2014 sé höfð að leiðarljósi við hönnun göngugötusvæðisins.
- Að hönnunin á götunni skuli vera í samræmi við stefnumörkun Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, sérstaklega er vísað til kaflans „Borg fyrir fólk“.

TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030


Á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins er Laugavegur skilgreindur sem *Aðrar götur*. Á upprættinum eru þær skýrðar út með eftirfarandi hætti: *Aðrar götur en stofn- og tengibrautir*. Hér undir eru safngötur, húsagötur, vistgötur og **göngugötur**.

Í aðalskipulaginu er Laugavegur ennfremur skilgreindur sem *Borgargata*, slíkar götur eru lykilogturnar í hverju hverfi. Þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Sumar borgargötur eru einnig skilgreindar sem aðalgötur, og við þær er fjölbreyttari starfsemi heimil en við aðrar götur í viðkomandi hverfi (sjá Landnotkun). Í hverfisskipulagi á að hanna borgargötur innan hverfanna heildstætt með aðliggjandi byggð og þar skal hlutverk aðalgatna skilgreint nánar. Meginmarkmiðið er að endurskilgreina götuna sem fjölbreytilegt almenningsrými sem gegnir mikilvægu hlutverki við framtíðarþróun borgarinnar.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur þá er Laugavegurinn skilgreindur sem borgargata, en á slíkum götum er lögð sérstök áhersla á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Skipulag viðkomandi gatna verði mótað frekar í hverfisskipulagi eða skilgreint sem sérstakt skipulagsverkefni. Við hönnun og skipulag gatnanna verði tekið mið af stefnu um gæði í manngerðu umhverfi.

Árið 2018 var lögð fram tillaga að breytingu er varðar almenn markmið um göngugötur í borginni. Breytingartillagan fól einkum í sér endurbætur á núgildandi markmiðum aðalskipulags, þ.e. skerpingu á almennum markmiðum um göngugötur, ákveðnari skilgreiningar og kröfur um hvernig skuli staðið að framkvæmdinni, einkum þegar um varanlega lokun gatna er að ræða. Tillagan bar heitið „Markmið um göngugötur“, og var staðfest í janúar 2019.

Tilgangur breytingartillögu var a setja fram ákveðnari markmið um göngugötur í miðborg Reykjavíkur og í borginni í heild sinni. Stuðla að því að settar verði verklagsreglur um framkvæmd tímabundinnar lokunar gatna, og að setja viðmið um mögulega varanlega lokun gatna fyrir bílumferð.



Mynd 5. Landnotkun miðborgar skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Í breytingartillögu þá voru lagð til eftirfarandi markmið og ákvæði:

- Unnið verði markvisst að endurhönnun almenningsrýma og göturýma í borginni í þeim tilgangi að efla mannlíf og bæta borgarbrag, sbr. eldri verkefni s.s. Torg í biðstöðu og Sumargötur. Þær götur sem skilgreindar eru sem Aðrar götur á þéttbýlisuppdrætti má skilgreina sem göngugötur, varanlegar eða árstíðabundnar, sbr. ákvæði hér að neðan. Áhersla verður á gerð göngugatna í miðborginni á næstu árum (sjá einnig Miðborgarstefnu, um torg og götur miðborgar).
- Götur sem er varanlega lokað fyrir bílumferð og gerðar að göngugötum árið um kring, skal tilgreina í deiliskipulagi. Settar verði verklagsreglur, samþykktar af skipulags- og samgönguráði, um framkvæmd árstíðabundinnar lokunar gatna fyrir bílumferð.

Eftirfarandi markmið var felld út:

- Áfram verði unnið markvisst með þróun umhverfis gatna og torga með verkefnum eins og Torg í biðstöðu og Sumargötur (sjá einnig Miðborgarstefnu, um torg og götur miðborgar).“

SAMRÁÐSFERLI

Víðtækt samráðsferli hefur þegar átt sér stað við hagsmunaaðila, enda mætast hagsmunir margra við Laugaveg og því hefur verið leitast eftir að fá hugmyndir og gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að koma með ábendingar og hugmyndir að því hvernig best sé að standa að fyrirhuguðum varanlegum breytingum. Nú þegar hefur verið rætt við samtök kaupmanna (miðborgin okkar og Miðbæjarfélagið) og Öryrkjabandalíð (ÖBÍ) og mun sú vinna halda áfram í gegnum allt hönnunarferlið. Þegar hefur t.a.m. verið fundað 3 sinnum með fulltrúum ÖBÍ og farið í úttekt með þeim á fyrsta áfanga göngugatna frá Klapparstíg að Þingholtsstræti. Gert er ráð fyrir enn frekara samráði á vinnslustigi tillagna.

Dagana 28. janúar til 3. febrúar 2019 var efnt til opins samráðs um göngugötur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Gestum og hagsmunaaðilum gafst tækifæri á skoða útfærslur, teikningar og ræða við sérfræðinga um málið. Á samráðið mættu um það bil 200 manns en vettvangurinn var opinn milli kl.12 og 18 daglega en kvöldið 28. janúar var sérstakur fundur fyrir rekstraraðila og þann 30. janúar var haldinn fundur fyrir íbúa, ferðapjónustu og fatlaða.

Óskað var eftir hugmyndum frá þeim sem sóttu samráðið og var annað hvort hægt að festa miða á kort eða skila þeim í hugmyndakassa eða koma þeim á framfæri á annan hátt. Hugmyndirnar voru alls 190 talsins og kom margt athyglivert kom í ljós sem nýtt verður við hönnun á svæðinu. Helstu atriði í samráðsferlinu:

Bílastæði

(Varðandi bílastæði komu 12 hugmyndir en þar bar hæst að það þyrfti að þrifa betur í bílahúsunum. Aðrar hugmyndir voru meðal annars að: Niðurgreiða í bílahús fyrir þá sem versla í miðborginni, setja tímamörk á þá sem leggja í hliðargötum, útbúa útgang um Smiðjustíg í Traðarkot og að skoða möguleikann á því að nýta leggja.is í bílahúsunum.

Innviðir

16 athugasemdir vörðuðu innviði. Óskað var eftir fjölgun vatnspósta við Laugaveg, sólarhrings hjólageymslur, almenningsalerni, betri lýsingu, flokkunartunnur og hleðslumiðstöð fyrir rafmagnshjólástóla.

Skreytingar

52 athugasemdir bárust um skreytingar á Laugavegi. En flestar eða 5 stykki bentu á skort á leiksvæðum. Fólk vildi líka: fjölga bekkjum, mýkja lýsingu, gera eitthvað fallegt í myrkrinu, setsvæði við Kjörgarðstorg, listaverk í gangstéttina, dvalarsvæði sólarmegin, vindbrjóta á viðeigandi stöðum, gosbrunna, listaverk og viðburðalýsingu.

Aðgengi

Varðandi aðgengi bárust 8 hugmyndir en þar voru 2 sem lögðu til ókeypis skutlur eða rafhjólástóla fyrir hreyfihamlaða sem hægt væri að nálgast í bílahúsum. Einnig var bent á að brýnt væri að bæta aðgengi inn í verslanir, tryggja þyrfti að í yfirborði göngugötunnar væru skýrt afmarkaðar leiðarlínur, það þurfi skýrar merkingar á götum þar sem umferðargötur þvera göngugötur og setja strangar aðgengiskröfur á aðila sem eru nú þegar eru með fyrirtæki í rekstri við götuna.

Almennt

Almennt um göngusvæði bárust 24 miðar en þar vildu 3 hefja göngugötur við Barónsstíg eða Stjörnutorg. Annað sem kom fram var að göngusvæðið ætti að hefjast við Hlemm, göngugatan ætti að ná niður Bankastrætið og tengja við Austurstræti, hjólreiðar yrðu bannaðar á göngugötu, fjarlægja stólpa í götunni og að halda ætti hliðargötum opnum.

Jafnframt komu fram ábendingar frá aðilum um að þeir vildu að gatan yrði áfram bílagata.

Umferðaröryggi

Umferðaröryggi var líka tekið fyrir en þar var beðið um; að tímastilla polla til aðgangsstýringar, litla rafstrætóa, gangandi verði veittur forgangur, næg stæði fyrir fatlaða í hliðargötum, vegvísa við gatnamót, lengingu á grænu gönguljósi við Lækjargötu, Lækjargata verði gerð að 1+1 akrein plús hjólastígar og strætórein.


Starfsemi

Þónokkrar athugasemdir beindust að starfsemi við götuna en fólk bað um kvóta á minjagripaverslanir, þakgarða og takmarkanir á leiguverð fyrir atvinnurými. Einnig var beðið um blómamarkað, jólamarkað, grænmetismarkað og friðun eldri verslana svo sem Brynju, Stellu, Mokka og Sigurbogann.

Gildandi deiliskipulagsáætlanir

Í gildi er deiliskipulag fyrir nokkrar skipulagsáætlanir m.s.br. við Laugaveg - Skólavörðustíg og er það listað upp hér að neðan. Skipulagsáætlanir ná út á miðja götu og er gert ráð fyrir að minnka afmörkun þeirra að lóðarmörkum þannig að hægt verði að gera sérstakt deiliskipulag fyrir þann götukafila sem er áætlað að verði varanleg göngugata. Um er að ræða eftirfarandi staðgreinireiti, sjá nánar á korti að neðan.

Reitir 1.170.1, 1.170.2, 1.170.3, 1.171.2, 1.171.0, 1.171.3, 1.171.4, 1.171.1, 1.171.5, 1.172.0, 1.172.1, 1.172.2, 1.173.0, 1.173.1, 1.174.0, 1.174.2, 1.174.1, 1.174.3



Mynd 6. Gildandi deiliskipulagsáætlanir við Laugavegin.

UMHVERFISÁHRIF ÁÆTLUNAR

Unnið verður skýrsla um umhverfismatsáhrif tillögunar sem fylgir með deiliskipulaginu. Skoðaðir verða umhverfisþættir eins og ásýnd, landnotkun, loftgæði, samfélag, mengun og ónæði, aðgengi, slyshætta o.fl.

SKIPULAGSFERLIÐ

Tímasetning helstu verkáfangna og kynninga fyrir almenning:

Júlí 2019	Lýsing samþykkt til auglýsingar í Skipulags- og samgönguráði og í framhaldinu gerð aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.
Júlí 2019	Lýsing samþykkt í borgarráði.
Júlí 2019	Lýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila sem eru skilgreindir á næstu bls.
Sept - Okt 2019	Deiliskipulagstillaga unnin.
Okt - Nóv 2019	Deiliskipulagstillaga afgreidd og samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa, fundi Skipulags- og samgönguráðs og borgarráðs.
Nóvember 2019	Deiliskipulagstillaga kynnt og auglýst.
Janúar 2020	Athugasemdum svarað, svörin afgreidd í Skipulags- og samgönguráði.
Janúar 2020	Svör tekin fyrir í borgarráði.
Febrúar 2020	Tillaga send Skipulagsstofnun.
Mars - Apríl 2020	Tillaga auglýst í B-deild Stjórnartíðinda, deiliskipulag tekur gildi.

SAMRÁÐS- OG UMSAGNARAÐILAR

Skipulagsstofnun

Samtökin Miðborgin Okkar

Miðbæjarfélagið

Minjastofnun Íslands

Borgarsögusafn Reykjavíkur

OR/Veitur

Öryrkjabandalagið

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins

Lögreglan



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Laugavegur sem göngugata - skipulagslýsing

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. júlí 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 3. júlí 2019 á auglýsingu á tillögu að lýsingu fyrir deiliskipulag Laugavegar sem göngugötu, ásamt fylgiskjöllum.

Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að þessum lið um skipulagslýsingu verði frestað. Hér er verið að afgreiða breytingu á skipulagslýsingu sem er undanfari lokunar Laugavegar varanlega. Þetta á að gera þrátt fyrir hávær mótmæli en 230 rekstraraðilar hafa skilað inn undirskriftum. Óskir Öryrkjabandalags Íslands og Sjálfsbjargar hafa einnig verið hunsaðar, þrátt fyrir bókun sl. haust um að fundað yrði með þeim um algilda hönnun. Öryrkjabandalags Íslands hitti arkitekt, sem hefur ekkert pólitískt vald. Enda þótt þessum aðilum hafi e.t.v. verið leyft að tjá sig um málið hefur ekkert verið hlustað á þeirra sjónarmið og rök. Niðurstöður könnunar Zenter rannsókna sýna einnig megna óánægju meirihuta rekstraraðila og borgarbúa nema ákveðins hóps. Farið er fram á að það verði rætt við öll þessi félög og samtök og að tekið verði tillit til þeirra forsendna og þarfa áður en haldið er áfram með þetta mál. Ný lög eru skýr á að heimila handhöfum P-korta fyrir hreyfihamlaða að keyra á vélknúnum ökutækjum í göngugötum og leggja þar. Varla ætlar borgin að brjóta lög. Það er ekki tímabært að afgreiða skipulagslýsingu núna. Almennt séð er aðgengi hreyfihamlaðra að miðborginni afar slæmt. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða af skornum skammti og aðgengi að lokuðum götum mjög erfitt. Reyndin er að fyrirtæki flýja nú bæinn og fólk er farið að forðast hann.

Málsmeðferðartillagan var felld með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráð samþykkti erindi umhverfis- og skipulagssviðs.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Reynslan af göngugötum í miðborg Reykjavíkur er góð og ánægja Reykvíkinga mikil líkt og kannanir staðfesta. Göngugötur skapa rými fyrir fólk og bæta mannlíf. Þá hafa erlendar athuganir sýnt að velta verslana eykst þegar göngugötur eru opnaðar. Við

undirbúning varanlegra göngugatna í Reykjavík er víðtækt samráð algjört leiðarstef. Svo hefur verið hingað til og verður áfram. Rekstraraðilar í miðbænum hafa beðist vægðar á umræðum sem tala niður rekstur á svæðinu. Miðborgin er í blóma og hefur fjöldi verslana og veitingastaða aldrei verið meiri í sögu Reykjavíkur.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi gagnbókun:

Borgarfulltrúi frábiður sér þöggunartilburði meirihlutans með því að segja við þá sem vilja tjá sig um stöðu miðbæjarins að þeir séu að „tala niður bæinn“. Sá sem leyfir sér að tala um ástandið sem er að skapast í miðbænum og lýsa áhyggjum sínum er snupraður fyrir að vera að „tala miðbæinn niður“, eins og það er orðað. Að snupra fólk sem lýsir áhyggjum sínum af stöðu mála í miðborginni með þessum hætti er ekkert annað en taktík til að þagga niður í fólki. Með þessu er verið að varpa ábyrgðinni á þá sem vilja ræða málin með opinskáum hætti og tjá skoðanir sínar. Það er vissulega handhægt fyrir þá, þar með meirihlutann í borgarstjórn, sem vilja ekki virða lýðræðislega umræðu að beita þessari aðferð.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja að skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs verði kynnt þannig að umsagnaraðilar, rekstraraðilar og íbúar geti komið athugasemdum sínum á framfæri. Rétt væri að fleiri aðilar fengju að vera formlegir umsagnaraðilar en eru taldir upp. Má hér nefna Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur og Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra. Verslun og þjónusta á mjög undir högg að sækja í Reykjavík meðal annars vegna þess að fasteignaskattar hafa hækkað gríðarlega. Mikilvægt er að breytingar á rekstrarumhverfinu eins og þessi tillaga felur í sér fái ítarlega og sanngjarna skoðun og umsögn þeirra sem málið varðar áður en hún kemur til samþykktar.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg hagar sér eins og ríki í ríkinu sem ekki þarf að fara að lögum. Ekkert tillit er tekið til nýrra umferðarlaga hvað varðar göngugötur. Stefna sú sem kynnt er hér er í andstöðu við lög sett af Alþingi. Fíringin er algjör og því beinlínis logið að samráð hafi verið haft við íbúa, verslunareigendur, rekstraraðila og félög hreyfihamlaðra.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúa Flokks fólksins hreinlega blöskrar þau ósannindi sem reifuð eru í kafla skýrslunnar um samráðsferli. Ekkert alvöru samráð hefur verið haft við Miðbæjarfélagið, Öryrkjabandalag Íslands og Sjálfsbjörgu en fullyrt er án þess að blikna að „víðtækt samráð hefur þegar verið haft við hagsmunaaðila“. Borgarfulltrúi vill spyrja hvort skrifleg mótmæli um 247 rekstraraðila hafi farið fram hjá borgarstjóra en honum voru afhentir undirskriftarlistar fyrir fund borgarstjórnar í byrjun apríl. Er borgarstjóri búinn að henda þessum listum? Eða skoðaði hann þá aldrei? Hér stendur ekki steinn yfir steini í málflutningi meirihlutans sem viðhafði aldrei neitt samráð um ákvörðun um varanlega lokun gatna. Svokallað samráð gekk í mesta lagi út á að leyfa fólki að tala en ekkert var hlustað. Flokkur fólksins gerir þá kröfu til meirihlutans og

borgarstjóra að hann fundi umsvifalaust með Miðbæjarfélaginu, Öryrkjabandalagi Íslands og Sjálfsbjörgu um þessar fyrirætlanir. Hvorki hefur verið tekið mark á undirskriftum né Zenter könnun sem Miðborgin okkar fékk þó gerða. Miðbæjarfélagið hefur haft samband við á annað hundrað rekstraraðila og kannast engin við samráð hvorki nú né undanfarin ár. Allt tal um samráð eru því ósannindi og blekkingar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Rétt er að nefna þá skipulagslýsingu sem verið er að samþykkja núna í auglýsingu í borgarráði 18. júlí sem er grunnurinn að því víðtæka lögformlega samráði sem í deiliskipulagsferlinu felst. Innihaldslausum upphrópunum fulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um ósannindi er vísað á bug.



Bjarni Þóróddsson
e.u.

